

# Sumarlestur GRV

## Vissir þú?

- að börn sem lesa á sumrin koma miklu ferskari til leiks í lestri að hausti?
- að lestur í 20 mínútur annan hvern dag dugar til að viðhalda þeim árangri sem barn hefur náð í lestri?
- að börn sem lesa ekkert á meðan skólinn er í fríi þurfa a.m.k. 6-8 vikur í upprifjun til að komast á þann stað sem þau enduðu á í lestri að vori?



Við í GRV, hvetjum nemendur til að lesa í sumar og sendum **sumarlestrarbingó** heim með þeim. Sumarið er frábær tími til að kynnst nýjum bókum og spjalla um þær við vini og vandamenn. Lestur „sumarbóka“ styrkir orðaforða og þekkingu og tryggir það líka að börnin tapi ekki lestrarfærninni sem þau öðluðust í vetur. Nemendur sem skila inn sumarlestrarhestunum í haust eiga von á viðurkenningu frá skólanum.

## Hvernig geta foreldrar skapað jákvæðar lestrarstundir?

**Ræðum við börnin** um það sem þau lesa eða hlusta á. Spyrjum þau spurninga, vekjum athygli þeirra á nýjum orðum sem eru í textanum.

**Lesum saman:** Forráðamaður og barn lesa til skiptis í lestrarbókinni. Þá fær barnið góða fyrirmynd í lestrinum og nær auk þess að einbeita sér betur að innihaldi textans.

### Lesum fyrir börnin okkar

Það er vitað mál að barn sem hlustar á skemmtilega bók, mun frekar lesa sér til ánægju.



**Lestu.....**

með foreldrum	í Herjólfí	klukkan 20	á laugardegi	Í tjaldi	fyrir ömmu og afa
Í rigningu	undir borði	á fótbolta-móti	inni	í baði	við sjó
með gleraugu	uppi í sófa	á trampólíni	Í roki	Í sundfötum	í sólskini
lengur en 20 mín	á ferðalagi	úti á palli	við sjó	í júní	Í tölvu/spjaldi
með hatt	á tásunum	á mánudegi	með vettlingum	dagblað	á Suðurlandi
í sveit	inni í dal	með vini	á bókasafni	fyrir frænku/frænda	eftir kvöldmat
bók sem þú átt	á klósettinu	fyrir barn	með vasaljós	á gólfínu	í gluggakistu
í bíl	brandara	undir teppi	uppi á fjalli	með sólgleraugu	í ágúst
tvisvar	í útlöndum	með öðrum	upphátt fyrir einhvern	uppi í rúmi	fyrir dýr

**Nafn:** \_\_\_\_\_

Krossaðu í viðeigandi reit þegar þú lest á þann hátt sem þar segir. Varðveittu bingóspjaldið og skilaðu til umsjónarkennara í haust.